



*Hér geta kennarar sett mynd af bókinni
sem nemendur eru að lesa*

Nafn _____



Kæri nemandi

Á þessari önn lesum við söguna: _____

Ég vil biðja þig að lesa vel yfir þetta skipulag áður en þú byrjar að vinna.

Markmið verkefnisins er að:



- kynnast íslenskum rithöfundum
- bera saman fortíð og nútíð
- þjálfra sjálfstæð vinnubrögð
- læra að búa til fjölbreyttar spurningar sem dýpka skilning á bókinni
- þjálfra framsögn
- læra að skipuleggja kynningu á verkefnum
- læra að leggja mat á vinnu sína.

Þegar þú hefur lesið bókina átt þú að:

1. Fylla út spurningablaðið með kennara þínum til að vera viss um að þú hafir skilið bókina.
Lokið: _____
2. Þú átt síðan að nota blaðið við val á verkefnum. *Lokið:* _____
3. Gera verkáætlun. *Lokið:* _____
4. Þegar þú hefur lokið við verkefnið átt þú að skipuleggja kynningu fyrir áheyrendur. Þú verður að útskýra verkefnið þín og lýsa hvernig þér gekk. Gott er að velja félagar til að æfa sig á. *Lokið:* _____
5. Þú mátt bjóða einhverjum fullorðnum til að hlusta á kynningu þína fyrir bekkinn.
Lokið: _____
6. Þegar þú hefur lokið kynningunni átt þú að fylla út matsblað. Þeir sem hlusta á þig fylla líka út matsblað sem þú færð. *Lokið:* _____
7. Bæði matsblöðin fara í verkmöppu þína. *Lokið:* _____
8. Skilaðu verkefnum og verkmöppu til kennara. *Lokið:* _____





Skoðaðu vel þennan lista af verkefnum. Verkefnin eru flokkuð í 6 flokka og hver flokkur gefur mismunandi stig. Þú átt að velja verkefni úr hverjum flokki og allir eiga að skila 30 stigum í lok annar. Þú verður að skila 4 verkefnum úr flokkunum *Ég veit* og *Ég skil*, 3 verkefnum úr *Ég get* og *Ég rannsaka* og 2 verkefnum úr *Ég skapa* og *Mér finnst*. Alls eru þetta 18 stig en þú mátt velja önnur verkefni sem vekja áhuga þinn til að ná 30 stigum.

Flokkur	Verkefni	Stigin
<p><i>Ég veit</i> 1 stig</p> 	<ul style="list-style-type: none">• Búðu til tímaás fyrir söguna.• Veldu eitt atvik í sögunni og reyndu að yrkja ljóð sem lýsir því.• Lýstu útliti einnar persónu í sögunni.• Gerðu lista yfir allar helstu persónur sögunnar.• Skrifaðu upp nokkrar staðreyndir sem greint er frá í sögunni.• Teiknaðu einn hlut sem gegnir mikilvægu hlutverki í sögunni.	
<p><i>Ég skil</i> 1 stig</p> 	<ul style="list-style-type: none">• Búðu til stutta myndasögu.• Endursegðu söguna með þínum orðum.• Teiknaðu mynd af einum atburði í sögunni.• Gerðu myndabók sem lýsir tilfinningum einnar persónu í sögunni.• Segðu frá því hvað sagan fjallar um.• Búðu til símtal sem gæti hafa átt sér stað milli tveggja persóna í sögunni.• Berðu saman viðhorf ólíkra persóna til atburðar í sögunni.	



Flokkur	Verkefni	Stigin
Ég get 2 stig 	<ul style="list-style-type: none">• Hannaðu prívíddarlíkan sem lýsir einum atburði úr sögunni.• Gerðu þraut sem tengist einni persónu eða atburði úr sögunni.• Búðu til dúkkulísu og hannaðu föt á hana.• Málaðu mynd sem tengist sögunni.• Safnaðu úrklippum úr blöðum sem gætu tengst bókinni.• Gerðu úrklippubók úr úrklippusafninu þínu. Færðu rök fyrir vali þínu á myndum og hvernig þær tengjast efni bókarinnar.• Gerðu sögukort fyrir aðra sem vilja lesa bókina.• Kynntu þér matarvenjur frá þeim tíma sem sagan gerist. Skipuleggðu matarborð.	
Ég rannsaka 2 stig 	<ul style="list-style-type: none">• Gerðu auglýsingu þar sem þú ert að bjóða ferð á slóðir sögunnar.• Skipulegðu ferð á slóðir sögunnar. Farið er þrjú hundruð ár aftur í tímann.• Gerðu mynd af atburði sem hefur áhrif á gang sögunnar og búðu til púsluspil úr henni.• Búðu til fjölskylduvef til að sýna tengsl persóna sögunnar.• Skrifaðu um höfundinn.• Skrifaðu ævisögu einnar persónunnar í sögunni.• Þú ert blaðamaður og tekur viðtal við eina persónu sögunnar. Hvaða spurninga myndir þú spyrja?• Gerðu nýjan endi á söguna.• Gerðu spennulínurit fyrir söguna.	



Flokkur	Verkefni	Stigin
Ég skapa 4 stig 	<ul style="list-style-type: none">• Búðu til farartæki sem kæmi einni persónu sögunnar að gagni.• Gerðu tónverk við söguna. Þú getur hljóðritað það eða spilað það fyrir áheyrendahóp.• Veldu fimm lög sem þú heldur að gætu orðið upphaldslög einnar persónu sögunnar. Útskýrðu hvers vegna þú valdir þessi lög. Þú getur afritað lögin á disk eða snældu.• Það á að kvikmynda söguna. Hannaðu veggspjald eða kápu á myndbandsspóluna.• Skrifaðu bréf til ritstjóra blaðs þar sem þú fjallar um mál sem greint er frá í sögunni. Kynntu þér bréf til ritstjóra í blöðum.• Gerðu heimasíðu fyrir eina persónu sögunnar.• Búðu til dans sem túlkar atvik í sögunni.	
Mér finnst 4 stig 	<ul style="list-style-type: none">• Settu þig í spor aðalpersónu sögunnar. Hvað myndir þú gera í hennar sporum?• Þú ert að búa þig undir ræðukeppni um efni sögunnar. Semdu ræðu fyrir þig og andstæðinginn (með og á móti).	
	Heildarstig	



Gerðu verkátun fyrir vikuna _____

Vikuátun					
Verkefni	Lauk við verkefnið og vann það vel 4	Lauk við verkefnið og vann það sæmilega 3	Lauk við verkefnið en vann það ekki vel 2	Á eftir að vinna í verkefninu 1	Stig



- Ég er ánægð/ur með vikuna
- Ég er ekki nógu ánægð/ur með vikuna
- Ég er óánægð/ur með vikuna
- Ég hafði áhuga á næstum öllu sem ég vann við
- Ég var fremur áhugalaus
- Ég hafði næstum engan áhuga á náminu
- Mér gekk vel að standa við áætlun mína
- Mér hefði verið óhætt að velja fleira
- Mér tókst ekki að standa við áætlun mína
- Ég reyndi alltaf að gera eins vel og ég gat
- Ég gleymdi oft að vanda mig
- Ég vandaði mig næstum því aldrei

Það skemmtilegasta við þessa viku var:

Það leiðinlegasta við þessa viku var:



Leiðbeiningar

- Láttu kennara þinn vita þegar þú hefur lokið við verkefni. Þið ákveðið tíma fyrir kynningu þínu.
- Sendu gestum þínum boðskort. Á boðskortinu þarft þú að tilgreina tíma, stað og lengd kynningar. Áður en þú sendir boðskortið verður kennarinn að fara yfir það.
- Mikilvægast af öllu er að æfa sig. Áheyrendur verða að heyra það sem þú ert að segja. Þú skalt æfa þig með félögum þínum. Láttu þá fylla út matsblaðið *Jafningjamat*.
- Þjóddu gesti velkomna.
- Kynntu þig, nafn bókar og höfund.
- Lestu brot úr bókinni sem þér finnst áhugavert.
- Kynntu niðurstöður þínar.
- Kynntu spurningarlistann og verkefnalistann þinn.
- Sýndu teikningar og líkön.
- Ef nota á tæki við flutning á tali eða tónlist þarftu að sjá til þess að þau séu í lagi og hljómur nógu góður.
- Kynntu sérstaklega verkefnið sem þér finnst best og segðu hvers vegna þú valdir það.
- Að lokum átt þú að kynna fyrir áheyrendum hvernig þér gekk að vinna verkefnið og fylgja verkáætlun.



Jafningjamat

Hver metur: _____

	Mjög gott	Gott	Viðunandi	Til ath.	Athugasemdir
Undirbúningur					
Öflun gagna, skipulagning verksins, tímaáætlun					
Efnistöð					
Úrvinnsla, aðalatriði dregin fram, skilningur, sjálfstæðar ályktanir, vekja til umhugsunar					
Framsetning					
Uppbygging, skýrleiki, útskýringar, samhengi, tilbreyting					
Tjáning					
Raddbeiting, málfar, framkoma, áhugi, öryggi, samskipti við hópinn					

Annað: _____



Sjálfsmat

	Mjög gott	Gott	Viðunandi	Til ath.	Athugasemdir
Framsögn Raddstyrkur Tjáning Skýrleiki Orðfimi Tilbrigði					
Kynning Rödd Skýrt og heyrilegt Orðfimi Áherslur					
Framkoma Horfði á áheyrendur Notaði þagnir Notaði líkamstjáningu Gat leiðrétt mistök					
Skipulag Kynning Framvindan Samantekt					
Heildarmat Undirbúningur og skipulag Nýting á gögnum Notaði heppilegt orðaval Þekking á efninu Hélt athygli áheyrenda					

Niðurstaða: _____



Lokamat

Nafn
Mat nemanda
Mat kennara
Mat gesta
Undirskrift foreldra og umsögn



Námsmat (eigið mat á árangri)

Kæri nemandi.

Nú hefur þú lokið við bókmenntaverkefnið þitt og þá þarftu að meta hvernig gekk, leggja höfuðið í bleyti. Þegar þú lest yfir matsblaðið skaltu hafa eftirfarandi við höndina:

- Bókmenntaheftið
- Matsblöð
- Verkmöppuna
- Uppkastsblöð
- Verkefnin sem þú vannst.

Veldu eitt bókmenntaverkefni sem þú ert ánægð/ur með. Útskýrðu hvers vegna. Ef verkefnið er of stórt til að vera í gullakistu þarft þú að taka mynd af því á stafrænu myndavélina.

Veldu eitt bókmenntaverkefni sem þér fannst erfitt. Útskýrðu hvers vegna þér fannst það erfitt.

Veldu eitt verkefni þar sem þú uppgötvaðir eða lærðir eitthvað nýtt. Skýrðu val þitt.

Veldu eitt verkefni sem þú vildir helst gera aftur. Útskýrðu hvers vegna þú valdir það.



Þegar þú hefur svarað þessum spurningum átt þú að gera uppkast að samfelldum texta. Fáðu einn vin í þeknum til að hlusta á þig og segja hvort þú hafir rökstutt val þitt nægilega vel. Síðan átt þú að hreinskrifa textann í bókmenntahlutann í verkmöppunni.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að kenna þér að skipuleggja tíma þinn og gera verkáætlun. Lestu vel yfir þetta matsblað og gefðu þér einkunn. Þú átt að meta þig á kvarðanum 1–4.

	Bókmenntaverkefni-matsblað				
Matsþættir	4	3	2	1	Stig
Gerði verkáætlun sem stóðst					
Náði að ljúka við öll verkefni á réttum tíma					
Fékk aðstoð heima					
Ég lærði margt nýtt í þessu verkefni					
Heildarstig					

Skoðaðu heildarstigin sem þú gafst sjálfum þér. Hvers vegna fékkstu þessi stig?


Hvernig fannst þér að vinna bókmenntaverkefnið?


Hvers vegna?/Hvers vegna ekki?



Í upphafi voru sett nokkur markmið fyrir nemendur við lausn verkefnisins. Hér fyrir neðan eru nokkur þeirra rifjuð upp og þú átt að meta hvort þú hefur náð þeim. Settu númer þeirra á viðeigandi stað á hringnum.

1. Þekki vel einn íslenskan höfund.
2. Get unnið sjálfstætt.
3. Kann að búa til fjölbreyttar spurningar sem dýpka skilning á bókinni.
4. Hef þjálfast í framsögn.
5. Kann að skipuleggja kynningu á verkefnum.
6. Kann að leggja mat á vinnu mína.








Þetta þrívíddarlíkan bjó nemandi til eftir að hafa lesið bókina *Forvitni Georg*. Þú átt að velja söguvið úr skáldsögu og búa til þrívíddarlíkan sem lýsir því.

Það sem þú þarft:


- Skókassi eða kassi af svipaðri stærð
- Pappír eða málning
- Skæri
- Lím
- Blýantur og litir
- Smáhlutir eða líkön



Þú getur málað bakgrunninn eða klætt hann með pappír.



Nú getur þú sett inn persónur og hluti sem tilheyra söguviðinu. Best er að líma þá. Ef þú þarft að hengja hluti upp er best að nota nál og tvinna.



Skriðu nafn bókar og höfundar hennar ofan á kassann ásamt nafni þínu.



Orðadæmi þurfa ekki að vera margbrotin heldur eiga þau að innihalda efni sem nemendur hafa áhuga á. Notið nemendur sjálfa í orðadæmum. Búið til dæmi í kringum eitthvað í skólastofunni eða eitthvað sem tengist námsefni sem farið hefur verið yfir í bekknum.

Ekki þurfa öll verkefni að vera orðadæmi. Sérstaklega þegar nemendur eru uppteknir við að finna út nýja aðferð eru venjuleg tölfræðileg dæmi árangursrík.

Reiknið með nægum tíma fyrir nemendur til að leysa dæmi. Hlustið á mismunandi leiðir sem nemendur nota en ekki minnst á ykkar eigin. Krefjandi verkefni hjálpa nemendum við að finna nýjar leiðir, leysa dæmi án hjálpargagna og bæta sig í að útskýra skriflega það sem þau gera. Hvetjið hægustu nemendurna til að nota jafnvel einfaldar aðferðir eins og að telja. Nemendur sem eru fljótir að klára mega deila aðferðum sínum með öðrum áður en þeir deila þeim með bekknum.

Mikilvægasti partur kennslustundar er þegar nemandi útskýrir leið sína að lausninni. Hjálpið nemendum við að skrifa niður útskýringar þeirra á töfluna og hvetjið þá til að spyrja samnemendur sína spurninga. Prófið af og til að nota ákveðna aðferð með mismunandi tölur til að sjá hvernig það gengur. Þegar nemendur koma með hugmyndir að leið skrifið það niður á „aðferða töflu“ (strategies chart). Munið að ekki munu allir nemendur finna upp aðferðir. Nemendur munu samt prófa aðferðir sem þeir hafa séð og þeir skilja. Hafið þá reglu skýra að enginn megi nota aðferð nema skilja hana.



Lestur fræðibóka


Hver er munurinn á sögubókum og fræðibókum?

Sögubækur

Fræðibækur


Eru lesnar hratt	Eru lesnar hægar
Eru lesnar frá upphafi til enda	Ákveðnir kaflar eða greinar lesnar
Höfundur höfðar til lesandans	Höfundar eru ópersónulegir
Auðveldara að skilja erfið orð út frá samhengi	Þarf oft að fletta hugökum upp í orðabók
Stöðluð uppsetning	Margbreytilegri uppsetning
Eru oft skrifaðar í þátíð	Venjulega skrifaðar í nútíð
Myndir til skemmtunar frekar en skilnings	Skýringarmyndir, gröf og kort til skilnings sem þarf að skoða vel

Áður en farið er að vinna með nemendum með fræðitexta/bækur þarf kennarinn að kynna þær fyrir nemendum. Gott er að byrja á því fara yfir muninn á sögubókum og fræðibókum (sbr. töflu hér að ofan) og fjalla um tilgang fræðibóka sem er sá að fræða lesendur um eitthvert tiltekið efni. Góð leið er að kennarinn lesi stutta, mismunandi texta eða greinar fyrir nemendum og taki saman innihald þeirra. Eftir að hafa lesið fræðitexta um mýs gæti kennarinn og nemendur unnið saman að hugtakakorti um mýs sem liti út einhvern veginn svona.





Nemendur gætu því næst valið sér fræðigrein eða kennarinn látið nemendur fá texta (fer eftir aldri nemenda) sem þeir vinna upp úr á sama hátt og hugtakakortið um mýsnar. Nemendur geta einnig unnið saman í pörum eða hópum.



Þegar nemendur lesa fræðitexta þurfa þeir að venja sig á að lesa hann á annan hátt en sögu-
texta. Fyrirmæli kennarans gætu verið einhvern veginn á þessa leið:

1. lestu vandlega yfir textann
2. glósaðu á blað eða vinnubók þau orð sem þú skilur ekki
3. lestu kaflann aftur vandlega yfir
4. búðu til nokkrar spurningar úr textanum
5. búðu til hugtakakort byggt á textanum.

Gagnvirkur lestur (Rósa Eggertsdóttir) nýtist mjög vel við lestur fræðitexta og ættu kennarar að þjálfa nemendur í gagnvirkum lestri í skólanum og hvetja þá til að nota hann heima þegar þeir lesa.



Því næst gera nemendur rannsóknarspurningar. Rannsóknarspurningar eru opnar spurningar þar sem svörin eru ekki já eða nei heldur kalla þær á svar sem síðan er hægt að nota sem fyrsta uppkast í ritunarverkinu. Þegar nemendur hafa lokið við rannsóknarspurningarnar ræða þeir við kennarann um hvernig heppilegast er að flokka upplýsingarnar. Það má gera á marga vegu svo sem að nota áherslupenna með mismunandi litum, hafa hvern flokk á einu spjaldi eða útbúa sérstakt verkefnablað þar sem flokkarnir eru til staðar. Hjá dýrum gætu flokkarnir t.d. verið: útlit, heimkynni, fæða, afkvæmi og fleira.

Uppkast, yfirllestur og birting

Þá er komið að fyrsta uppkasti. Nemendur skrifa og hér skiptir mestu máli að koma upplýsingunum sem þeir eru með niður á blað. Kennarinn þarf að minna nemendur á að nota sitt orðalag en taka ekki beint upp úr heimildum. Þegar nemendur telja sig hafa lokið við fyrst uppkast byrja þeir að lesa yfir. Kennarinn þarf að minna á að uppkast er vinnuþagg sem á að taka breytingum fram að birtingu. Þegar nemendur lesa yfir uppkastið hjá sér er gott að láta þá nota penna til að leiðrétta þannig að kennarinn sjái hvað það er sem nemandinn er að laga. Þá er líka gott að tveir nemendur lesi yfir hvor hjá öðrum og leiðrétti. Gott er að sá sem á verkið lesi upphátt. Þegar nemandinn telur að verk sé tilbúið til birtingar þarf hann að koma í viðtal til kennarans sem les yfir með nemandanum. Þegar kennarinn les yfir verkið má hann ekki gleyma nemandanum því þetta er verk hans og ef kennaranum finnst þurfa að laga eða breyta á hann að bera það undir nemandann. Þeir, nemandinn og kennarinn, þurfa í sameiningu að undirbúa verkið til birtinga. Kennarinn þarf að gæta þess að verða ekki eins og lifandi leiðréttingarvél. Þegar kemur að birtingu gæti kennarinn komið með nokkrar tillögur sem hann hengir upp á vegg í bekkjarstofunni en síðan þegar nemendur eru farnir að venjast því að birta verk sín ætti kennarinn að hvetja þá til að nota hugmyndaflugið og finna fleiri leiðir til að birta verkin sín.



Þegar verið er að kenna nemendum að rita um staðreyndir eru vefleiðangrar mjög góð leið. Vefleiðangrar eru þannig upp byggðir að nemendur eiga að geta farið eftir þeim án mikillar aðstoðar kennarans. Þeir auka sjálfstæði nemenda sem læra að axla ábyrgð á vinnu sinni. Þá eru vefleiðangrar þannig upp byggðir að allir getuhópar eiga að geta unnið eftir þeim. Þeir sem minna geta velja sér færri og einfaldari heimildir og hinir geta farið í fleiri heimildir og flóknari. Þannig er komið til móts við allan nemendahópinn þar sem kennarinn verður í hlutverki verkstjórnandans.

Vefleiðangurinn um hvali er mjög góður til að kenna nemendum að skrifa heimildritgerð. Þegar unnið er með hvali er líka gott að samþætta hinar ýmsu námsgreinar. Vefleiðangurinn flokkast undir íslensku og upplýsingatækni. Í Geisla 2 er heill kafli um hvali. Í samfélagsfræði gæti kennarinn útbúið fyrirlestra um hvalveiðar Íslendinga nú á tímum og áður fyrr. Í náttúrufræði gæti kennarinn fjallað um hvali sem spendýr. Í ensku væri hægt að láta nemendur gera ferðabækling um hvalaskoðun. Þannig væri hægt að láta nemendur sökkva sér ofan í vinnu við þessar stórmerkilegu skepnur í 6-8 vikur. Spennandi tilbreyting í kennslu!

<http://www.arifrodi.net/hvalir/>